

**Mál nr. 283/2018****M og  
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 27.7.2016 við frystigám.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 14.9.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 9.10.2018.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 12.10.2018.

**Málsatvik.**

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um líkamstjón M sem hann rekur til atviks við vinnu sína 27.7.2016. Einnig liggja fyrir myndir af gámi sem teknar eru af starfsmanni X að vetri til. Í framburði M kemur fram að hann hafi farið að frystigámi til að ná í frosinn ost. Þegar hann ætlaði að loka hurð gámsins hafi það reynst erfitt því gámurinn hafi í raun verið „ónýtur“. M kveðst hafa nefnt ástand gámsins við verkstjóra og samstarfsmann, en verkstjóri hafi sagt honum að það að loka hurðinni væri „eins manns starf“. M kveðst hafa átt í erfiðleikum með að loka téðri hurð þegar hann slasaðist og hafi hann því reynt að berja klaka frá hurðinni til að ná að loka henni og síðan „notað afl“ til að reyna að loka, en þá hafi hönd hans runnið fram af handfangi og skolið á hurðinni þannig að hann hlaut líkamstjón af. M kveðst hafa tilkynnt um tjón sitt til verkstjóra og farið til læknis samdægurs. Verkstjóri kveðst í sinni framburðarskýrslu ekki muna eftir að hafa sagt við M að það að loka gámi væri „eins manns verk“ og taldi það ólíklegt og gat ekki sagt til um hvaða gámur hafi verið á svæðinu þegar M slasaðist því það hefðu verið margir gámar sem komu og fóru. Samstarfsmaður M gaf einnig skýrslu hjá lögreglu og kvaðst kannast við að stundum hafi verið erfitt að loka gámum og að um væri að ræða sama gám og á myndum sem honum voru sýndar hjá lögreglu. Hann hafi sjálfur ekki meitt sig á sama gámi heldur öðrum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss M þar sem aðstæður hafi verið ófullnægjandi við gáminn. Gámurinn hafi verið þannig að álplata hafi verið sprungin og þannig að hafi ís innan úr gámnum komið í veg fyrir að hægt hafi verið að loka hurðinni. Einnig vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits fyrr en of seint og þá hafi gámurinn verið farinn af staðnum. Einnig vísar M til þess að yfirmenn hans hjá X hafi vitað af ástandi gámsins án þess að bæta úr vinnuáðstæðum.

V telur að um óhappatívik hafi verið að ræða og ekki hafi komið fram sönnunargögn sem sýna fram á að ástand frystigámsins hafi verið ófullnægjandi eða að hann hafi verið ónothæfur. Ekki sé heldur sýnt fram á að M hafi upplýst verkstjóra um að hann hafi átt erfitt með að loka gáminum á sama tíma og slysið var. Einnig vísar V til þess að því sé ranglega haldið fram í málinu að samstarfsmaður M hafi slasast vegna sama gáms.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort ástand frystigáms sem M þurfti að ganga um hafi verið slæmt og hvort líkamstjón M sé hægt að rekja til þeirra aðstæðna. Þegar litið er til framburðar samstarfsmanns M sem staðfestir frásögn M af ástandi gámsins þannig að hann telur að álplata innan á hurð gámsins hafi verið laus frá hurðarkarmi og erfitt gæti verið að opna og loka vegna íss sem myndaðist í rifum. Einnig kemur fram í hans framburði að samstarfsmenn M og hans hjá X hafi vitað af ástandi gámsins þó hann hafi ekki sjálfur látið yfirmenn vita. Með hliðsjón af því að framburður samstarfsmanns M er í samræmi við framburð M hvað varðar ástand hans verður að líta svo á að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi á vinnustaðnum. Ástand gámsins virðist hafa verið þannig í einhvern tíma og starfsmenn X vissu af því, fleiri en einn, án þess að úr væri bætt. Verður X að bera skaðabótaábyrgð á því að ekki var bætt úr vinnuáðstæðum starfsmanna sem þurftu að ganga um frystigáma, eins og M og ber X því skaðabótaábyrgð á afleiðingum tjóns hans. Greiðsluskylda hefur því stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki verður séð af gögnum málsins að háttsemi M hafi verið með þeim

hætti að hún verði metin honum til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings í skilningi 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

**Niðurstaða.**

M á fullan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.